

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um kaup á hergögnum.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

- Hversu stór hluti af varnartengdum útgjöldum Íslands voru framlög í fjölþjóðlega sjóði sem kaupa hergögn eða á annan hátt framlög til kaupa á hergögnum? Óskað er upplýsinga um útgjöld síðustu 10 ár þar sem fram komi upphæðir, móttökuríki og hvaða búnaður var keyptur.
- Hvar var ákvörðun tekin um framlög í hverju tilviki og með hvaða hætti var hún rædd á vettvangi Alþingis?

Skriflegt svar óskast.